

Tillaga til þingsályktunar

um Suðurnesjaskóga, landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum.

Flm.: Kristján Pálsson, Árni Johnsen, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að beina því til landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa stofnun landshlutabundins verkefnis til landgræðslu og skógræktar á Suðurnesjum.

Starfshópurinn skili tillögum sínum nógu tímanlega til að framkvæmd verkefnisins geti hafist eigi síðar en árið 2001.

Greinargerð.

Endurheimt gróðurs sem þakti Ísland við landnám er markmið sem stefnt hefur verið að síðustu áratugi. Ráðist hefur verið í mörg verkefni til að ná því og er árangur víða góður. Þekktust þeirra eru Hallormsstaðarskógar og nú á síðari árum landshlutabundin skógræktarverkefni eins og Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólaskógar o.fl. Uppgræðsla Landgræðslu ríkisins hefur einnig verið mjög árangursrík eins og sést á Suðurlandi og víðar. Með öflugum starfi stofnana og einstakra skógræktarfélaganna víðs vegar um landið hefur verið sýnt fram á að mögulegt er að græða landið og rækta skóga við mjög erfiðar aðstæður nánast hvar sem er.

Vantrú á möguleika okkar að þessu leyti heyrir því sögunni til, enda er ekki aðeins stefnt að ræktun hávaxinna trjáa heldur miðað við aðstæður á hverjum stað. Á Suðurnesjum hefur gróðureyðing verið mikil frá landnámi, sérstaklega síðustu tvö hundruð árin. Heimildir segja frá því að kotbændur á Suðurnesjum voru látnir greiða hristoll til Bessastaða. Sú staðreynd sýnir að hris (trjágróður) þreifst á Suðurnesjum. Vindar þar geta orðið sterkir og þar sem úthafsaldan brotnar á ströndinni verður oft sjórok sem leggur yfir stóran hluta skagans. Aðstæður af þessu tagi samfara litlu skjóli leiða til þess að uppblástur jarðvegs verður hraður og uppgræðsla erfið. Fá láglandssvæði á landinu eru jafnilla leikin og Suðurnesin, þrátt fyrir friðun síðustu ár. Gríðarleg jarðvegsrýrnun háir verulega landgræðslu og skógrækt sem gengur hægt þrátt fyrir öflugt starf Suðurnesjamanna. Mikill berangur skýrir einnig erfiðleika á þessu sviði. Aðstæðurnar kalla því á sérstakt átak.

Skógrækt, landgræðsla og áburður.

Verkefnið sem hér er lagt til að unnið verði er sambærilegt við landshlutabundin verkefni eins og Suðurlandsskóga, Skjólaskóga o.fl. að öðru leyti en því að stefnt er að meiri landgræðslu. Til að viðunandi árangur náist á þessu sviði á Suðurnesjum þarf átak af svipuðu umfangi og fyrrnefnd verkefni. Landsvæðið sem græða þarf upp til að ná þeirri gróðurþekju sem áður var á Suðurnesjum nemur tugum þúsunda hektara að stærð. Jafnframt yrðu ræktuð skjólbelti, kjarrgróður og nytjaskógar, allt eftir aðstæðum.

Undanfari skógræktar er landgræðsla á örfoka svæðum. Að áliti sérfræðinga eru margar tegundir vel fallnar til uppgræðslu á Suðurnesjum, t.d. gæti melgresi dugað vel á foksandinum vestast á Reykjanesi. Aðrar tegundir, svo sem beringspuntur, snarrót, túnvingull og vallarsveifgras, eru taldar duga vel á mela, með áburðargjöf.

Nokkur skógarbelti eru nú þegar á Suðurnesjum og má þar nefna helst Sólbrekkuskóg, reit við Háabjalla og Selskóg ásamt tilraunareitum við Rósaselsvötn, Voga og víðar. Mikil reynsla hefur fengist síðustu ár í skógrækt á Suðurnesjum og því er nokkuð vitað um hvaða trjátegundir duga þar best. Vestast er helst litið til ræktunar loðvíðis, alaskavíðis, jörfavíðis, tröllavíðis og sitkagrenis. Af lauftrjám kemur íslenskt birki þar helst til greina, enda mjög harðgert. Austar á skaganum koma margar tegundir til greina, einkum stafafura, blágreni og alaskaösp.

Ef uppgræðsla og skógrækt á að skila skjótum og varanlegum árangri er lífrænn áburður nauðsynlegur. Á Suðurnesjum eru einhver stærstu svínabú landsins og einnig mjög stór kjúklingabú. Þaðan falla árlega til um 8.000 tonn af skít sem dygði á um 250 hektara. Slíkan áburð er þó aðeins hægt að nota fjarri mannabyggð. Nú er skítum dælt í sjóinn að mestu og er sjávarmengunin sem það veldur eins og frá um sex þúsund manna byggð. Nýting þessa áburðar væri því ekki aðeins kærkomin fyrir gróðurinn heldur mætti með henni koma í veg fyrir alvarlega sjávarmengun. Aðgerðir sem þessar hefðu því margvíslegt gildi.

Binding koltvísýrings.

Loftslagssamningurinn sem samþykktur var í Kyoto í Japan árið 1997 er af Íslands hálfu enn óundirritaður. Andrés Arnalds og Úlfur Óskarsson hjá Landgræðslu ríkisins hafa komið með áhugaverðar ábendingar þar sem þeir fullyrða að með meiri landgræðslu og skógrækt væri auðvelt að uppfylla þau skilyrði sem Íslendingum eru sett samkvæmt samningnum fyrir árið 2010. Þeir segja þetta ódýra leið til að uppfylla skuldbindingar okkar. Jafnframt færir það okkur nær því markmiði að endurheimta horfin landgæði.

Frá bílum berast um 30% koltvísýrings sem við losum út í andrúmsloftið. Uppgræðsla eins hektara lands nægir til að binda koltvísýring frá einum fólksbíl í um 40 ár.

Á Suðurnesjunum einum má græða upp land sem nemur tugum þúsunda hektara. Því er augljóst að auðvelt verður að rækta upp nægjanlegt land þar til að binda kolvetni úr öllum bílum Suðurnesjamanna, um 10.000 talsins. Í loftslagssáttmálanum eru ekki settar takmarkanir á leiðir til að binda koltvísýring í lífræn efni. Landgræðsla og skógrækt gætu nýst okkur í þessum tilgangi, ef samningar um það nást, og dygðu til að binda allan koltvísýring frá bílum og bátafloata landsmanna ef vel væri á málum haldið. Það gæti jafnvel orðið til þess að við gætum leigt öðrum losunarkvóta. Hagsmunir Íslendinga eru því augljósir á þessu sviði. Vitneskja okkar og reynsla af slíkum verkefnum er einnig svo mikil að hægt væri að fjölga landgræðslu- og skógræktarverkefnum verulega á skömmum tíma. Að mati flutningsmanna eru slík verkefni með arðbærustu sóknarfærum sem völ er á.

Drög að áætlun fyrir Suðurnesjaskóga eru birt í fylgiskjali. Gróðurkort af Suðurnesjum er dreift með tillögnum. Kortið og áætlunin eru unnin af Landgræðslu ríkisins o.fl.

Fylgiskjal.

Drög að áætlun fyrir Suðurnesjaskóga. Landshlutaverkefni í landgræðslu og skógrækt.

Skýringar á hugtökum.

Þar sem enn hefur ekki skapast skýr hefð í íslenskri tungu, fyrir hugtakanotkun í skógrækt, þykir rétt að skýra þau hugtök sem hér eru notuð:

- *Landgræðsla.* Samheiti yfir aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg, svo sem dreifing lífræns og ólífræns áburðar, sáning, gróðursetning og stjórnun á beit.
- *Nytjaskógrækt. Timburskógrækt.* Þetta mega teljast samheiti. Öll skógrækt hefur notagildi. Því hefur í þessari skýrslu verið gripið til orðsins timburskógrækt fyrir þá ræktun sem hefur hvers kyns viðarframleiðslu að höfuðmarkmiðið.
- *Landbótaskógrækt.* Skógrækt sem hefur ekki timburframleiðslu að höfuðmarkmiði heldur landbætur af ýmsu tagi, svo sem jarðvegsvernd, aukið beitarþol lands og skjól fyrir búpening, sem og aukið útivistargildi (m.a. vegna betra skjóls). Skógrækt til landbóta getur einnig gefið af sér viðarnytjar. Landbótaskógur getur verið hvort tveggja, ræktaður eða sjálfsprottinn skógur sem stuðlað er að með beitarstjórnun.
- *Skjólbeltarækt.* Ræktun tiltölulega mjórra trjábelta, þar sem leitast er við að skapa skjól á skemmri tíma en gert er með hefðbundinni skógrækt. Í þessu skyni er jörðin að jafnaði þaulunnin, leitast við að halda illgresi í skefjum og valdar hraðvaxta tegundir.
- *Sjálfbær nýting.* Nýting sem hagað er á þann veg að ekki gangi á auðlindina til lengri tíma litið.
- *Algjör friðun.* Friðun gagnvart hvers kyns inngrípi manna og húsdýra, nema hugsanlegri stígagerð.
- *Skógræktaráætlun. Ræktunaráætlun.* Um er að ræða samheiti, sé átt við áætlun, sem tekur til einnar eða fárra jarða. Hún felur í sér kort af áætluðu ræktunarsvæði þar sem sýndir eru fyrirhugaðir vegarslóðar, girðingar o.fl. Þess háttar, auk þess sem landinu er skipt upp í reiti á grundvelli gróðurfars, jarðvegsskilyrða, landhalla o.fl. Þátta í náttúruferi sem fagmenn telja skipta máli við ákvarðanir um skógræktarframkvæmdir. Einnig geta fylgt kort af fyrirhugaðri tegundasamsetningu skógarins, jarðvinnsluaðferðum o.fl. sem tengist sjálfum framkvæmdunum. Kortunum fylgja ítarlegar skýringar og aðrar nauðsynlegar leiðbeiningar fyrir bóndann. Við gerð skógræktaráætlana er leitast við að laga skóginn að landinu, tekið tillit til þjóðminja og lagt mat á verndargildi sérkenna í náttúruferi.
- *Landgræðsluáætlun.* Felur í meginráttum í sér sama feril og skógræktaráætlun, þ.e. að skilgreina markmið, leiðir og vinnubrögð við áformuð verkefni.
- *Héraðsáætlun. Landshlutaáætlun.* Áætlun um umfang ríkisstyrktrar landgræðslu og skógræktar í heilum landshluta. Þar eru settar reglur um tilhögun við ólíkar aðstæður.

Tilgangur og markmið.

Í skýrslu þessari er lagt til að á grundvelli laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, og fyrirhugaða landgræðsluáætlun fyrir árin 2000–2012, verði stofnað til landshlutaverkefnis í skógrækt á Suðurnesjum. Verkefnið hljóti heitið *Suðurnesjaskógar*.

Megintilgangur Suðurnesjaskóga verður að stuðla að aukinni landgræðslu og skóg- og skjólbeltarækt á Suðurnesjum. Gert er ráð fyrir að flestir sem umráð hafa yfir landi, og hafa áhuga, geti orðið þátttakendur í verkefninu.

Stóraukin landgræðsla og skógrækt í landshlutanum mun stuðla að betra umhverfi fyrir alla íbúa svæðisins.

Suðurnesjaskógar munu hafa jákvæð áhrif á

- umhverfisskilyrði fyrir alla íbúa Suðurnesja,
- byggðapróun,
- auðlindasköpun,
- bindingu kolefnis,
- landgæði,
- landnýtingu,
- atvinnulíf,
- veðurfar,
- ferðaþjónustu.

Undirbúningur Suðurnesjaskóga.

Hugmyndin að Suðurnesjaskógum hefur þróast að undanfögnu í kjölfar landshlutabundinna skógræktarverkefna í flestum kjördæmum landsins. Þekkingu á leiðum til að bæta landkosti á þessum slóðum hefur einnig fleygt fram. Umræða um mikilvægi landgræðslu og skógræktar við bindingu koltvísýrings hefur vakið vonir um að unnt verði að fá fjármagn til slíks átaks á Suðurnesjum. En málið á sér lengri aðdraganda.

Núverandi staða.

Á síðustu tíu árum hefur skógrækt aukist hraðar á Íslandi en áður eru dæmi um. Sama gildir um landgræðslustarfið. Sú aukning hefur ekki orðið sem skyldi á Suðurnesjum. Árið 1991 voru lög um Héraðsskóga samþykkt. Héraðsskógaverkefnið er gott dæmi um vel heppnað skógræktar- og byggðapróunarverkefni. Með setningu laga um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, opnuðust nýir möguleikar þar sem viðurkennt var að skógrækt mætti stunda í fleirum en einum tilgangi, þ.e. með fleira en timburframleiðslu að markmiði. Því munu fleiri fá aðgang að verkefninu en þeir einir sem búa á allra bestu skógræktarsvæðunum.

Landgræðsla á sér langa sögu á Suðurnesjum og reynslan sýnir að skilyrði til uppgræðslu eru þar víða góð.

Starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurnesjaskóga.

Æskilegt er að skipaður verði starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurnesjaskóga og við skipan hans veiti landbúnaðarráðherra 500 þús. kr. til þessarar vinnu. Sú upphæð er ætluð til að kosta störf nefndarinnar og dugar hvergi nærri til að gera fullburða áætlun um Suðurnesjaskóga heldur til skýrslu sem verði minni í sniðum. Henni væri ætlað að stofnsetja verkefnið og er hugmyndin sú að hluti þess fjár sem veitt verður til verkefnisins fyrstu árin verði notaður til að fullgera áætlun um Suðurnesjaskóga.

Stjórnskipulag.

Suðurnesjaskógar verða sjálfstætt landgræðslu- og skógræktarverkefni með eigin stjórn, sem landbúnaðarráðherra mun skipa til tveggja ára í senn. Skipurit fyrir Suðurnesjaskóga er sýnt hér á eftir. Stjórnin verður fimm manna, einn tilnefndur af Landgræðslu ríkisins, einn

af Skógrækt ríkisins, einn af Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS), einn af skógræktarfélögum á verkefnissvæðinu og einn án tilnefningar. Tímasetning ráðningar starfsmanna og skipulag starfseminnar fer eftir því hver framvinda verkefnisins verður. Æskilegt er að gerðir verði þjónustusamningar við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins um faglega ráðgjöf og skipulagsvinnu. Gera þarf ráð fyrir framkvæmdastjóra og hugsanlega svæðisstjórum vegna verkefnisins, með aðsetur á Suðurnesjum.

(Mynd. Er ekki til tölvutæk.)

Flokkun lands á Suðurnesjum.

Land á á Suðurnesjum verður flokkað eftir loftmyndum eins og lagt er til hér á eftir. Land verður einnig flokkað eftir skilyrðum til uppgræðslu og fyrir ýmsar tegundir runna og trjáa sem helst kemur til greina að rækta á Suðurnesjum.

Láglendi á Suðurnesjum skiptist þannig eftir landflokkum:

- Mólendi, graslendi og ræktað land.
- Votlendi.
- Bersvæðisgróður, hálfgróið eða minna.
- Birkiskógur og kjarr.
- Mosagróður.
- Vötn.
- Ár.

Framkvæmdaþættir.

Verkefni Suðurnesjaskóga er skipt í fimm meginflokka. Flokkunum og helstu hugtökum þeim tengdum er lýst stuttlega. Í héraðsáætlunum verða hugtökin og aðferðarfræðin skýrð betur, en byggt verður á sama grunni og gert er í áætlunum um Héraðsskóga, Norðurlands-skóga, Skjólaskóga og Vesturlandskóga.

Verkefni Suðurnesjaskóga.

(Mynd. Er ekki til tölvutæk.)

Ræktun nýrra skóga.

Í 3. gr. laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, er fjölnytjaskógrækt skipt í tvo flokka eftir markmiðum skógræktarinnar. Hér er þeirri skiptingu haldið. Í lögunum er héraðsáætlunum sett það markmið að rækta skóg á að minnsta kosti 5% láglendis undir 400 metra hæð yfir sjávarmáli.

Landbótaskógrækt hefur viðarframleiðslu ekki að meginmarkmiði heldur aðrar skógar-nytjar, svo sem skjól, jarðvegsvernd, útivist og yndi. Þó mun skógurinn í flestum tilvikum bjóða upp á einhverjar viðarnytjar í framtíðinni.

Landbótaskógræktinni er skipt í tvo meginþætti:

Sjálfgæðsluskógur er land sem friðað er fyrir beit a.m.k. uns nýliðun birkis og annarra tegunda hefur átt sér stað. Þetta tekur vitaskuld langan tíma, en mögulegt er að flýta þróuninni með takmörkuðum aðgerðum.

Ræktaður landbótaskógur er skógur sem ræktaður er með önnur meginmarkmið en timburframleiðslu. Ræktunaraðferðir, og þar af leiðandi kostnaður, ráðast af markmiðum.

Skjólbeltarækt.

Skjólbeltarækt verður eitt af verkefnum Suðurnesjaskóga.

Í lögunum er skjólbeltum skip í tvo flokka. Annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að skýla ræktun, búfé og mannvirkjum. Hins vegar belti sem eru undanfari skógræktar. Stefnt er að verulegri ræktun skjólbelta á fyrstu 25 árum verkefnisins.

Önnur verkefni.

Undir þessum lið eru þau verkefni Suðurnesjaskóga sem ekki miða beinlínis að aukinni skógarþekju. Meðal markmiða laga um landshlutabundin skógræktarverkefni er að stuðla að „verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er“ (1. gr.). Þessum markmiðum á að ná ýmist með stýrðri sjálfbærri nýtingu náttúrulegra skóga eða með algjörrri friðun þeirra.

Mikilvægt er að það sé ljóst að þótt talsverð reynsla sé komin á ræktun skóga við margvíslegar aðstæður vantar enn mikið á að bestu aðferðir og réttur efniviður séu fundin. Hér er því lagt til að Suðurnesjaskógar hafi fjárhagslegt svigrúm til að styrkja rannsóknir á því sviði eða kaupa þær af hæfum aðilum.

Sjálfbær nýting birkiskóga.

Birkiskógar eru auðlind. Ágóði af hvers konar nýtingu, sem ekki gengur á gæði skógarins, er besta trygging þess að skógurinn verði ekki eyðilagður.

Þróun nýrra aðferða við ræktun.

Suðurnesjaskógar munu leggja fjármuni í þróun aðferða við landgræðslu og ræktun og nýtingu skóga og skjólbelta sem sérstaklega henta aðstæðum á svæðinu. Þeir peningar verða aðallega notaðir til að styrkja eða kaupa hagnýtar rannsóknir sem líklegt er að nýtist verkefninu.

Fræðsla.

Suðurnesjaskógar munu, ásamt skógræktarfélögum og fleiri aðilum á svæðinu, standa fyrir námskeiðum og fræðslu um ýmislegt tengt skógrækt og landgræðslu. Þessi námskeið verða haldin í samvinnu við þá aðila sem hafa kunnáttu að miðla á þessu sviði, svo sem Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins o.fl.

Girðingar.

Á nokkrum svæðum, sem fjölnytjaskógrækt verður stunduð á, er jafnframt einhver búfjárækt. Er því nauðsynlegt að friða verðandi skógarsvæði fyrir beit. Reynt verði að haga girðingaframkvæmdum þannig að af hljótist sem minnstur kostnaður.

Áætlanagerð.

Vanda skal áætlanagerð fyrir allar framkvæmdir á vegum Suðurnesjaskóga. Ef rétt er á málum haldið muni landgræðsla, skógrækt og skjólbeltarækt bæta umhverfisskilyrði fyrir íbúa svæðisins og auka verðgildi lands.

Skógræktaráætlanir.

Fyrir aðila sem þátt tekur í verkefninu verður gerð skógræktaráætlun (ræktunaráætlun) áður en framkvæmdir hefjast. Markmið hennar er að tryggja að ræktunin sé hagkvæm og í sátt við umhverfið.

Skjólbeltaáætlanir.

Markmið skjólbeltaáætlana er að tryggja að skjólbelti falli vel að umhverfinu og geri fullt gagn með sem minnstum tilkostnaði. Gera skal skjólbeltaáætlun fyrir allt land þar sem Suðurnesjaskógar styrkir skjólbeltarækt.

Auðlindasköpun og kolefnisbinding.

Þegar ógrónu landi er breytt í frjósamt vistkerfi eða skóglaut land breytist í skóg myndast ný auðlind. Hún mun leggja grunn að fjölbreyttara mannlífi, bæði í sveitum og í þéttbýli. Eins er einboðið að skógi vaxið land býður upp á aukna útivistarmöguleika og lengir verulega þann tíma sem hægt er að stunda útivist án óþæginda vegna verðurfars.

Ljóst er að binding CO₂ með ræktun skóga er viðurkennd leið til að standa við skuldbindingar sem felast í undirritun Kyoto-bókunarinnar. Þótt Íslendingar hafi ekki undirritað og staðfest Kyoto-bókunina enn þá hefur ríkisstjórnin kynnt þá stefnu sína að slíkt verði gert. Því er ljóst að öll landgræðsla og skógrækt eftir 1990 verður í framtíðinni talin okkur til tekna í þessu sambandi. Binding CO₂ er því raunveruleg verðmæti. Það er svo ríkisvaldsins að ákveða hvort, og þá hvernig, innheimt verði losunargjald af jarðefnaeldsneyti og annarri losun gróðurhúsalofttegunda. Búast má við um 7,9 tonna bindingu CO₂ á hektara á ári í íslenskum timburskógi (Arnór Snorrason, munnleg heimild). Samsvarandi tala fyrir uppgræðslu er um 4,5 tn CO₂ á hektara. Ljóst má vera að hér er á ferðinni afar hagkvæmur kostur fyrir ríkisvaldið þegar ákvörðun er tekin um fjárframlög í því skyni að draga úr fólksflóttu úr dreifbýli.

Framkvæmdaáætlun.

Gerð er tillaga um eftirfarandi framkvæmdaáætlun landshlutaverkefnis í landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum:

1. Suðurnesjaskógar verði formlega stofnaðir haustið 2000. Stjórn verkefnisins taki þá til starfa og annist nauðsynlegan undirbúning, svo sem að tryggja fjármagn og ráða framkvæmdastjóra.
2. Unnið verði að áætlun í þremur áföngum.
3. Samhliða gerð áætlana verði hafist handa við landgræðslu og skógrækt og skjólbeltagerð, jafnóðum og áætlanirnar verða tilbúnar. Stefnt verði að því að verkefnið verði komið á fullan skrið árið 2008 og verður fjárþörf þess þá um 34 millj. kr. á ári.

Röðun framkvæmda.*Árið 2001.*

- Verkefnið hefst.
- Unnið að gerð áætlana.
- Landgræðsla, skógrækt og skjólbeltagerð hafin.

Árið 2002.

- Áætlanagerð haldið áfram.
- Verkefnum framhaldið og unnið að fjölgun þátttakenda.

Árin 2002 og 2003.

- Starfið enn aukið.
- Mikil áhersla á gerð áætlana.

Árið 2004.

- Áætlun um Suðurnesjaskóga endurskoðuð.
- Ræktunin aukin.

Árin 2005–2007.

- Unnið eftir endurskoðaðri áætlun.

Árin 2007–2039.

- Verkefnið er að fullu komið til framkvæmda.
- Áætlanir endurskoðaðar reglulega.

Sundurliðuð fjárförf 2001–2005*Árið 2001*

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn (1/3)	750.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	2.400.000 kr.
Þróun og fræðsla	500.000 kr.
Hönnun framkvæmda	1.850.000 kr.
Framkvæmdir	8.000.000 kr.
Samtals:	17.000.000 kr.

Árið 2002

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	1.000.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	4.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	2.000.000 kr.
Framkvæmdir	10.000.000 kr.
Samtals:	20.500.000 kr.

Árið 2003

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	2.700.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	3.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	2.000.000 kr.
Framkvæmdir	14.900.000 kr.
Samtals:	26.100.000 kr.

Árið 2004

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	3.900.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	3.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	3.000.000 kr.
Framkvæmdir	20.500.000 kr.
Samtals:	33.900.000 kr.

Árið 2005 og áfram: **35.000.000 kr.**